

**Samningur um Evrópska
efnahagssvæðið**

Sameiginlega EES-nefndin

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

**nr. 62/96
frá 22. nóvember 1996**

um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

VI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/96 frá 26. apríl 1996⁽¹⁾.

Ákvörðun nr. 161 frá 15. febrúar 1996 um endurgreiðslu þar til bærrar stofnunar aðildarríkis á kostnaði sem stofnað er til á meðan dvalist er í öðru aðildarríki, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72, sem var samþykkt af framkvæmdaráði Evrópubandalagsins um félagslegt öryggi farandlaunþega,⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Textinn í lið 42b (ákvörðun nr. 149) í VI. viðauka við samninginn falli niður.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 42f (ákvörðun nr. 160) í VI. viðauka við samninginn:

⁽¹⁾ Stjttíð. EB nr. L 186, 25. 7. 1996, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjttíð. EB nr. 32, 25. 7. 1996, bls. 53.

⁽²⁾ Stjttíð. EB nr. L 83, 2. 4. 1996, bls. 19.

„42g. 396 D 0249: Ákvörðun nr. 161 frá 15. febrúar 1996 um endurgreiðslu þar til bærrar stofnunar aðildarríkis á kostnaði sem stofnað er til á meðan dvalist er í öðru aðildarríki, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 4. mgr. 34. gr. reglugerðar (EBE) nr. 574/72 (Stjtið. EB nr. L 83, 2. 4. 1996, bls. 19).“.

3. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar nr. 161 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. desember 1996, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

Gjört í Brussel 22. nóvember 1996.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

H. Hafstein

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner